

Reykjanesbær
Bt: Umhverfis og skipulagsráð
Róbert Guðmundsson formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 15. apríl 2024

Efni: Umsókn um þróunarsamning vegna Tjarnabrautar 26 – 40 í Reykjanesbæ.

Trönudalur ehf óskar hér með eftir að fá samning við Reykjanesbæ um þróun á reit sem afmarkast af lóðunum Tjarnabraut 26-40 ásamt opnu svæði þar sunnan við.



Samningur gengi út á að Trönudalur láti þróa íbúðabyggð á reitnum í samvinnu við Reykjanesbæ. Markmiðið væri að þróa byggð sem myndi heilstætt yfirbragð og falli vel að því sem fyrir er í hverfinu. Hluti af þróuninni er leiksvæði/grenndarvöllur sunnan við íbúðarhúsin. Þá þarf að skoða staðsetningu og útfærslu á biðskýli strætó sem er á svæðinu. Gert er ráð fyrir því að Trönudalur annist allar framkvæmdir á svæðinu þ.m.t. leiksvæði og göngustíg.

Hugmynd Trönudals er að á svæðinu komi einnar hæðar einbýlis- eða parhús en þó er félagið opið fyrir öðrum útfærslum í samvinnu og samráði við Reykjanesbæ.

Virðingarfyllt

Halldór Jónsson